

LÖG

um breytingu á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987, með síðari breytingum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 72. gr. laganna:

- a. Við 1. mgr. bætast tveir nýir málslíðir sem orðast svo: Þá skal hver sá sem er á bifhjóli nota viðurkenndan lágmarkshlíðarfatnað ætlaðan til slíkra nota. Sama er um þann sem er á hliðarvagni, eftirvagni eða tengitæki bifhjóls.
- b. 2. mgr. orðast svo:
Ökumaður á bifhjóli eða torfærutæki skal sjá um að farþegi yngri en 15 ára noti hlífðarhjálms. Þá skal ökumaður á bifhjóli sjá um að farþegi yngri en 15 ára noti viðurkenndan lágmarkshlíðarfatnað.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. mars 2007.

Geir H. Haarde.

Sólveig Pétursdóttir.
(L. S.)

Hrafn Bragason.

Sturla Böðvarsson.